

Breiðholtsblaðið



Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2006

7. tbl. 13. árg.

Lyf & heilsa
Mjódd
Opíð virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

Dælulykill
Ekkert PIN
Meiri hraði
Lægra verð
www.atlantsolia.is

AO
ATLANTSOLÍA

Lyfjaval
APÓTEK
Lyfjaval.is
Sími 577 1166



Alfabakki 16 í Mjóddinni.

Um 220 manna vinnustaður í Mjóddina

Um 220 manna vinnustaður flyst í Mjóddina á haustdögum. Er það heilsugæslan í Reykjavík sem verið hefur til húsa í Heilsuverndarstöðinni við Barnónsstíg. Heimahjúkrunin er þegar flutt í Mjóddina en þar starfa á bilinu 80 til 90 manns að meðaltali.

Þótt starfssvæði heimahjúkrunarinnar nái yfir alla hluta Reykjavíkurborgar þá er henni stjórnað frá starfs-

stöðinni í Mjódd og starfsfólk hefur þar bækistöð sína. Um 130 starfsmenn munu síðan flytjast í Mjóddina innan tíðar en þar er um að ræða stjórnstöð og heilsugæslubjónustu á vegum heilsugæslunnar. Í áætlunum er gert ráð fyrir að flutningurinn fari fram um miðjan ágústmánuð. Endanleg tímasetning mun að nokkru ráðast af því hvernær hið nýja húsnæði verður tilbúið til notkunar og gera þurfti miklar

breytingar en endurbætur á því sem nú er unnið að af fullum krafti.

Með flutningi heilsugæslunnar og heimahjúkrunarinnar í Mjóddina verður um langfjölmennustu starfsstöð og vinnustað í Breiðholti að ræða. Nánar er fjallað um aðdragandann að flutningi heilsugæslunnar og hvers vegna Mjóddin varð fyrir valinu á bls. 5.

Nýtt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

Apótekið í Löffelli er opið:
mán-fös: 10-18 · laugardaga: 10-14

ÓDÝRA

Apótekið
- Lipurð og lægra verð

Glæsilegt kjöt- og fiskborð

Grillkjöt í miklu úrvali



Þín verzlun

SELJABRAUT 54 • Sími 557 1780 - 577 1788

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími: 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmíðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandsþóstur

7. tbl. 13. árgangur

Breiðholtsblaðið er gefið út í 9000 eintökum og dreift frítt í hvert hús í Breiðholtinu.



Hreinsunaráttak á laugardaginn

Fegrunardagurinn sem efnt verður til á laugardaginn kemur er fyrsti hluti af sérstöku átaki borgaryfirvalda til að fá almenning og fyrirtæki til að taka þátt í að hreinsa, bæta og hugsa vel um umhverfi sitt. Ætlunin er að fá borgarbúa til liðs við starfsmenn borgarinnar í því að snyrta hverfin, tína rusl, hreinsa veggjakrot, leggja torfur, laga net á fótboltamörkum, kantskera, sópa og bæta girðingar. Breiðholtsbúar mega vera stoltir af því að vera fyrstir til þess að njóta þessarar vakningar sem hafin er í umhverfismálum í borginni. Vonandi verða þeir duglegir að mæta og taka til hendinni og sýna umhverfisáttakinu og hverfinu sínu vilja í verki.

Breiðholtið verði leiðandi

Annað mál sem vert er að vekja athygli á er verkefni umhverfis- hóps sem starfað hefur á vegum vinnuskóla Reykjavíkurborgar í Miðbergi í Breiðholti. Hugmyndavinna um betra umhverfi hefur farið fram á vegum ungmennanna og margt athyglisvert hefur litið þar dagsins ljós. Meðal annars hugmynd um að hvert borgarhverfi eignist sinn sérstaka einkennislit. Breiðholtið nálgast nú fertugsaldurinn og hverfið er löngu orðið næstum fullbyggt. Því hefur litið verið um nýframkvæmdir þar á undanförunum árum ef frá eru taldar vegtengingar við Reykjanesbrautina. Ný hverfi hafa verið að risa á öðrum stöðum og kröftum borgarsamfélagsins því eðlilega verið beint þangað í meira mæli. Of stórt væri tekið til orða að segja að Breiðholtið væri í niðurnýðslu enda hafa margir af íbúum þess lagt metnað í sitt nánasta umhverfi, hýbýli sín og lödir, þótt skort hafi á nægilega áherslu á þessi mál af hálfu borgarinnar. Sú tilfinning grípur þó engu að síður þann sem fer um þetta fjölmennasta borgarhverfi Reykjavíkur og raunar alls landsins að það hafi setið eftir. Hverfið hafi gleymst þegar byggingu þess var lokið og kröftunum beint að öðrum svæðum og stöðum. Í hugmyndavinnu ungmennanna, sem starfa á vegum Vinnuskólans í Miðbergi, kemur m.a. fram að hverfið einkennist af grámyglu og gera verði áttak til þess að leiða birtu og liti inn í þetta fjölmenna borgarsamfélag. Vonandi verður starf ungmennanna í Miðbergi til þess að hefja vakningu um feðurra og betra Breiðholt. Borgaryfirvöld eru tilbúin að leggja sitt af mörkum og íbúarnir verða einnig að taka við sér og taka þátt í þeirri umbreytingu sem nauðsynleg er. Engin ástæða er til þess að Breiðholtið verði „gleymda“ hverfið í hinu fjölbreytta borgarsamfélagi. Hverfi sem drabbast niður vegna þess að því ekki sinnt. Breiðholtið hefur alla burði til þess að verða leiðandi í því umhverfisátaki sem nú er að hefjast. Það er íbúanna og borgaryfirvalda að sameinast um að svo verði.

Umferðin og takturinn í Þjóðfélaginu

Gísli Jónsson, framkvæmdastjóri flutningafyrirtækisins Króks, spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Í störfum sínum hefur hann komið að mörgum stöðum og aðstæðum þar sem umferðaróhöpp hafa orðið. Hann segir að hjá mörgum þessara óhappa hefði mátt komast ef ekið hefði verið á minni hraða. Hraðinn sé aðal ógnvaldurinn í umferðinni og þótt bílar séu mun öruggari í dag en áður var sé engu minni ástæða til þess að vara við of miklum hraða. Afleiðing bílar og betri vegir bjóði hættu á hröðum akstri heim. Þá hættu beri að varast. Gísli bendir einnig á annan og mjög athyglisverðan þátt. Hann segir að hraðinn í umferðinni endurspeglar takturinn í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þenslan komi glögg fram í umferðinni. Fólk aki meira. Það aki hraðar og hugsu ekki eins um að fara vel með ökutæki sín vegna þess að auðveldara sé að endurnýja þau. Þegar að þrengi hugi fólk að sparnaði. Það spari eldsneyti og fari betur með ökutækin sem þurfi að endast lengur. Harla aumt er þegar göðæri birtist með þessum hætti. Fólk ber minni virðingu fyrir verðmætum og virðing fyrir lífi og limum fer einnig þverrandi ef tekið er mið af breytingum í umferðinni. Ég - er það fyrsta sem alltof margir ökuðmenn hugsa um þegar þeir eru komnir út í umferðina og þeir sem þannig bregðast við umhverfi sínu á akbrautum virðast fleiri þegar fólk hefur það betra.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Nýtt hverfisráð í Breiðholti

Nýtt hverfisráð hefur verið kjörið fyrir Breiðholtshverfi og hefur ráðið aðsetur í Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12. Í hverfisráðinu eiga sæti: Guðlaugur Sverrisson, formaður, Óttarr Guðlaugsson og Stefán Jóhann Stefánsson og til vara: Linda Birna Magnúsdóttir, Elísabet Ólög Helgadóttir og Guðmundur Haraldsson.

Sex leikvællir teknir til starfa

ÍTR hefur tekið við rekstri sex leikvalla í hverfum borgarinnar. Starfsemi er hafin í öllum þeirra og byggir hún á því rótgróna starfi vallanna sem fyrir voru. Leikvællir þessir eru ætlaðir börnum á aldrinum tveggja til sex ára og hugmyndafræðin að baki þeim er að efla aðstöðu til þroskavænlegra útileikja í öruggu umhverfi.

Vefsetur borgarinnar fær góða einkunn

Vefur Reykjavíkurborgar fær mjög góða einkunn í alþjóðlegri

könnun þar sem vefir borga í 100 löndum voru metnir samkvæmt mælikvarða um gæði vefseta. Mælikvarði þessi hefur verið notaður frá árinu 2003 og tekur til 98 þátta sem einkenna eiga góða og notendavæna vefi. Könnunin nær til þátta á borð við öryggi og persónuvernd, notendaviðmót, efnisinnihald, þjónustu og þátttöku borgarbúa.

Vefur Reykjavíkurborgar hafnaði í 12. sæti en í efsta sæti þegar hann er borin saman við vefsetur höfuðborganna á Norðurlöndum. Þá hafnaði hann í fjórða sæti í samanburði vefsetra höfuðborga allra Evrópuþjóða. Vefur Seoul borgar í Suður Kóreu lenti í efsta sæti, vefur New York borgar í öðru sæti og vefur Hong Kong í því þriðja. Þegar þessi könnun var fyrst gerð árið 2003 var vefur Reykjavíkurborgar í 27. sæti, neðstur Norðurlandþjóða. Það eru Rutgers háskóli í USA og Sungkyankwan í Kóreu sem framkvæma þessa könnun í samstarfi við ýmsar virtar stofnanir og má þar nefna Sameinuðu þjóðirnar og fjölda stofnana sem hafa raf-ræna stjórnsýslu að viðfangsefni.

Verður áratuga hundabanni aflétt?

Reykvíkingar mega eiga von á að áratuga umdeildu banni við

hundahaldi í borginni verði aflétt. Á fyrsta fundi nýs Umhverfissráðs Reykjavíkur var meðal annars lögð fram tillaga að breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík.

Þar er lagt er til að banni við hundahaldi verði aflétt í borginni og það leyft að uppfylltum sömu skilyrðum og nú er. Breytingarnar á reglum um hundahald yrðu felldar inn í gildandi samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002. Þetta þýðir að almenna reglan yrði að hundahald yrði heimilað í Reykjavík að fengnu leyfi og uppfylltum skilyrðum í stað þess að veita undanþágur frá banni við hundahald eins og nú er.

Aldurstakmörkin afmáð

Engin aldurstakmörk verða í tónlistarnámi í Reykjavík eftir að meirihluti menntaráðs Reykjavíkur samþykkti að fella úr gildi ákvæði um aldurshámark nemenda við úthlutun fjármagns til tónlistarnáms.

Aldurstakmörkin voru ætíð umdeild og með þessum breytingum hafa nemendur aukið val og jafnari tækifæri til tónlistarnáms óháð aldri.

Um þrjúhundruð ábendingar

Um 300 ábendingar um hvað betur megji fara komu fram á fundi með Vilhjálm P. Vilhjálmssyni borgarstjóra en fundurinn var undanfari umhverfis- og feðrunaráttaks í Breiðholti á laugardaginn kemur. Um 200 manns sóttu fundinn og virtust fundarmenn ánægðir með framtakið. Vilhjálmur P. fjallaði m.a. um þá hugarfarsbreytingu í umgengismálum sem væri orðin og aðferðir til að efla metnað með fólk til að ganga betur um í Reykjavík. Hann hvatti fólk til að láta borgaryfirvöld vita um það sem brýnt væri að laga.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfissráðs, kynnti nokkra staði í Breiðholtinu sem verða fegraðir og bættir og ræddi einnig um að skapa stemmningu á meðal íbúa til að taka þátt í feðrunaráttakinu 22. júlí. Óskar Bergsson, formaður framkvæmdaráðs, benti á ábyrgð allra til að sinna umhverfinu vel og nefndi þar einstaklinga, fyrirtæki og borgina og að allir þyrftu að vinna saman að þessu verkefni. Á meðal þeirra hugmynda sem fram komu um feðrum um-

hvefis má nefna að laga gangstéttar sem fæstar eru nothæfar fyrir línuskautafólk, fjarlægja ónýtar girðingar, koma upp sparkvöllum við Asparfell og Æsufell, bæta við ruslafötum, planta trjám milli Seljahverfis og Kópavogs. Einnig var rætt um skólalóðir, fjölbreyttari leiktæki, ný og falleg strætóskýli og að fjarlægja ónotaða gæsluvelli. Þá kom skýrt fram á fundinum að fólk vill engar nýjar byggingar í Elliðaárdalinn sem er eitt helsta útivistarsvæði Breiðhylltinga og fleiri íbúa Reykjavíkur.

Glæsileg afmælishátíð Landsbankans

Landsbankinn varð 120 ára þann 1. júlí sl. en þann dag árið 1886 var bankinn opnaður í Bakarabrekku sem síðar var nefnd eftir bankanum og heitir í dag Bankastræti. Upphaflegt hlutverk Landsbankans var að auka peningaviðskipti landsmanna og efla atvinnuvegina. Í 120 ár hefur bankinn staðið vörð um þetta markmið. Afmælisins var minnst með glæsilegum og fjölbreyttum hætti um allt land og reyndar verður afmælisins minnst um allt árið.

Í miðborg Reykjavíkur var boðið upp á súkkulaðitertu sem teygði sig eftir Austurstrætunni, pylsur og drykkur við hlið Alþingishúsins, leiktæki fyrir börnin, dans- og hljóðfærleikur m.a. í Austurstræti og við stytta Jóns Sigurðssonar, fótbolta með risabolta á Austurvelli og skemmtidagskrá á Ingólfstorgi. Gefnir voru um 300 fótbolta. Úti á landsbyggðinni var einnig boðið upp á skemmtidagskrá.



Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans taka undir almennan söng á Ingólfstorgi.

Á glæsilegum listaverkavef Landsbankans er sýning á listaverkum Jóhannes S. Kjarvals í eigu bankans. Á vefnum er að finna flest öll Kjarvalsverk í eigu bankans auk umfjöllunar um hvert verk. Þegar fram í sækir

verða verk fleiri listamanna sýnd á listaverkavefnum. Sýning á verkum Jóhannesar Kjarvals í eigu Landsbankans er haldin í Gerðarsafni í júlí. Sýnd eru 35 málverk og teikningar Kjarvals.



Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík

**- fegrunarátak
í Breiðholti**

Reykjavík er falleg borg.
En lengi getur gott batnað og þess
vegna hefur borgarstjórnin búið til
áætlun um fegrun Reykjavíkur.
Áætlunin byggist á því að einbeita
sér að einu hverfi borgarinnar í einu
og virkja íbúa til að taka þátt í að
fegra sitt nánasta umhverfi.

Laugardaginn 22. júlí hefst átakið
með fegrun Breiðholts þar sem íbúar
munu ganga til liðs við borgarstarfs-
menn og aðstoða þá við að snyrta
hverfin, tína rusl, hreinsa veggjakrot,
leggja torfur, hnýta net, kantskera,
sópa og bæta girðingar.

Allir, jafnt fyrirtæki, stofnanir sem og
íbúar í Breiðholti, eru hvattir til að
láta ekki sitt eftir liggja. Hrein og
fögur Reykjavík er metnaðarmál allra
borgarbúa og nú er lag að láta
hendur standa fram úr ermunum.

**Gerum okkur glaðan dag og
tökum upp hanskann fyrir Reykjavík**

Dagskrá: Fegrun Breiðholts 22. júlí

Kl. 11.00

Átakið hefst á þremur stöðum á sama tíma,
í neðra Breiðholti við Breiðholtsskóla, í
Fella- og Hólhverfi við Breiðholtslaug við
Austurberg og í Seljahverfi við Hólmasel.

Kl. 16.00–17.00

Deginum lýkur svo á sömu stöðum þar
sem fjölskyldur fagna vel heppnuðum
degi. Boðið verður upp á veitingar og
skemmtiatriði.



Reykjavíkurborg

V I Ð T A L I Ð

Penslan eykur hætturnar í umferðinni

Gísli Jónsson segist löngu orðinn Breiðhyltingur. Hann spjallar um hverfið sitt og starf í samtali við Breiðholtsblaðið en hann hefur rekið flutningafyrirtækið Krók um eins og hálfis áratugar skeið, lengst af ásamt félaga sínum en nú einn. Gísli hefur í störfum sínum komið að mörgum umferðaróhöppum og segir að hraði í umferðinni og hraði í þjóðfélaginu fari saman. Penslan auki hætturnar í umferðinni.

Var feginn að komast til baka

Gísli Jónsson, framkvæmdastjóri flutningafyrirtækisins Króks, segist ekki vera frumbýlingur í Breiðholtinu þótt hann hafi alið aldur sinn þar að mestu leyti eftir að hann komst á fullorðinsár. Hann er ættaður úr Grímsnesinu og fluttist þaðan til Reykjavíkur á 18. ári. En síðan kveðst Gísli hafa flust tímabundið í Vesturbæinn þegar hann hóf búskap með eiginkonu sinni. „Ég tollði þar í ein tvö ár en fór þá aftur hingað uppeftir og hef búið í Breiðholtinu síðan. Ég er því löngu orðinn Breiðhyltingur þótt ég sé að uppruna sveitamaður úr Grímsnesinu.“ Gísli kveðst hafa orðið feginn þegar hann komst til baka í Breiðholtinu en var það konan sem dró hann vestur í bæ. „Nei hún er nú reyndar gamall Breiðholtsbúi. Hafði alist upp í Fellahverfinu og var því miklu meiri frumbýlingur en ég. Og ég held að hún hafi verið jafn feginn að komast til baka. Ég þurfti því ekkert að draga hana uppeftir. Það voru samantektin ráð okkar að flytja til baka. Síðan má segja að við höfum verið naglföst í hverfinu.“

Gísli segir að fyrir nokkrum árum hafi hann þó staðið frammi fyrir þeim vanda að þurfa e.t.v. að flytja úr hverfinu. „Við bjuggum í Bökkunum og þegar fjölskyldan stækkaði þurftum við á stærra húsnæði að halda eins og gengur. En vandinn var sá að lítið er um stærra húsnæði að ræða en fjögurra herbergja íbúðir á þessu svæði. Svo fréttum við af húsi sem væri til sölu niðri í Stekkjahverfi og það bjargaði okkur. Við þurftum ekki að fara langt.“

Krókur í einn og hálfan áratug

Gísli fór snemma að fást við flutninga. Vinnufélagi hans Rúdólf Jóhannsson stofnaði flutningafyrirtækið Krók árið 1987 og fjórum árum síðar eða um sama leyti og fyrirtækið tók við flutningum fyrir tryggingafélagin kom Gísli inn í reksturinn með honum af fullum krafti. Þeir ráku Krókinn síðan saman allt þar til um síðustu mánaðamót að Gísli tók alfarið við rekstrinum. Um svipað leyti flutti hann starfseminna upp í Flugumýri í Mosfellsbæ en þá höfðu þeir verið búnir að leita að hentuðu atvinnuhúsnæði um skeið. „Þetta eru því tímamót fyrir mig í tvennum skilningi í sögu fyrirtækisins.“

Gísli segir að þótt þeir hafi tekið að sér flutninga fyrir tryggingafélagin þá sinni fyrirtækið margskonar flutningum - ekki síst fyrir bílaumboðin og bílaleigur enda fyrirtækið sérhæft í flutningi bif-



Gísli Jónsson við einn bíla fyrirtækisins.

reiða. Hann segir þó ekki mikið um að nýir bílar séu fluttir á stórum vögnum út um land eins og tíðkist víða erlendis en bílaleigurnar notfæri sér þó slíka þjónustu að nokkru og einnig sé talsvert um flutninga á bílum til og frá verkstæðum.“

Skemmtilegur tími hjá Jarðborunum

En hvernig báru kynni þeirra Gísla og Rúdólfs að sem leiddi til þess að þeir ráku saman fyrirtæki í svo langan tíma. „Við höfðum verið vinnufélagar um tíma. Við störfuðum hjá Jarðborunum ríkisins eins og fyrirtækið hét á meðan það var í opinberri eigu og kallað ríkisfyrirtæki B sem þýddi ríkisfyrirtæki sem stóð undir eigin rekstri og var rekið eins og einkafyrirtæki að því leyti. Við fórum saman víða um land einkum þar sem Orkustofnun var að leita eftir jarðhita og þar sem unnið var að rannsóknum vegna fyrirhugaðra virkjanafrekvaemda. Við fengum því ýmsa nasasjón af stóriðjustefnunni í gegnum árin“ Gísli segist hafa verið mikið við boranir á Blöndu- svæðinu og á Þjórsársvæðinu og einnig komið upp á Fljótisdalsheiði þar sem Kárahnjúkavirkjun var síðan byggð. Við eigum því ýmsar borholur út um land,“ segir Gísli og kveður þetta hafa verið skemmtilega tíma. „Maður fór víða um og kynntist bæði landinu og einnig mörgu af góðu fólki. Ég væri hins vegar ekki spenntur fyrir vinnu af þessu tagi í dag. En þetta var gaman þegar maður var ungur.“

Mikið um vinnuvélaflutninga

En aftur að flutningastarfsemi. Hefur hún breyst mikið í gegnum tíðina. Það er orðin fremur óvenjuleg sjón að sjá bíla dregna þótt það beri öðru hvort enn fyrir augu. „Hún hefur breyst mikið. Það eru komin allt önnur tæki til sögunnar en áður voru notið við þessa flutninga. Mesta breytingin felst í því að nú er nánast eingöngu farið að nota pallbíla við þessa flutninga þótt aðstæður

geti verið þannig að notast verið við gamla lagið og draga bíla. Hins vegar verður alltaf minna og minna um slíka flutninga. Margir bílar eru sjálfskiptir eða sídrifnir sem gerir drátt erfiðari og vaxandi umferð á líka þátt í því að stöðugt verður erfiðara að flytja bíla með þeim hætti.“

Gísli segir að bílaflutningurinn eigi ekki beinan þátt í vaxandi starfsemi fyrirtækisins þótt hann hafi vissulega aukist með meiri bílaeign. „Við erum líka farnir að flytja vinnuvélar og þá einkum smærri vélar og tæki sem iðnaðarmenn þurfa að fara með á milli vinnustaða. Tímarnir eru breyttir t.d. í byggingaiðnaðinum. Nú gerir tæpast neinn neitt utanhúss án þess að nota vinnulyftu. Tæpast er skipt um peru án þess að taka vinnulyftu með sér. Þetta getur vissulega borgað sig. Ég get nefnt rafvirkja sem dæmi sem fer og skiptir um perur í heilu húsi. Þá getur einn maður með vinnulyftu afgreitt málið á stuttum tíma í stað tveggja eða þriggja með vinnupalla. Á sama hátt moka enginn upp úr skurði með skóflu í dag. Litlar gröfur og „bobcatar“ eru notaðar við léttari jarðvegaframkvæmdir, t.d. við frágang á lóðum. Vinnulyfturnar hafa dregið mjög úr timbursmiði vegna minni háttar viðgerða og laglæringa og þetta sparar bæði tíma og fjármuni. Sambærilega sögu má segja um jarðvegstækin. Og þá nýtist þessi flutningatækni, sem við höfum verið að koma okkur upp til þess að flytja bíla til vinnuvélaflutninga. Þessar breytingar hafa kallað á nýja þjónustu sem ekki var þörf fyrir áður. Við höfum aftur á móti ekki farið inn á þá braut að flytja stærri vélar og tæki. Ekki tæki á borð við þau sem notuð eru við jarðboranir og virkjanagerð,“ segir Gísli og minnist gömlu daganna á fjöllum og á öðrum virkjunarsvæðum.

Ekki farið í hreinsunarstörf eða bílarif

Gísli segir að ekki sé lengur hægt að tengja hugtakið Krókur eingöngu við skemmda bíla. „Þetta var kannski ekki óeðlileg tenging á sínum tíma vegna þess

að þessi þjónusta var það stór hluti af vinnu okkar um árabíl en það hefur breyst mikið.“ Gísli segir að ef hann horfi á veltutölur úr rekstri fyrirtækisins þá sé tryggingaþjónustan einungis um 25% eða um fjórðungur af heildarumsvifunum. Framtíðin á þessum markaði er einnig óljós. Eftir að samningur tryggingafélaganna við Krók rann út um síðustu mánaðamót hefur þessi þjónusta ekki verið boðin út að nýju m.a. vegna athugasemda samkeppnisyrvalda um hvort rétt væri út frá samkeppnisjónarmiði að bjóða þessi verk út í einu útboði þar sem um fleiri en einn verkaupanda er að ræða. Gísli segir að eins tvö fyrirtæki hafa sinnt þessum flutningamarkaði að einhverju ráði. Hitt fyrirtækið er Vaka sem hefur starfað með nokkuð öðrum hætti og sinnt öðrum verkefnum. „Þeir hafa unnið meira að umhverfismálum, t.d. með hreinsun á ónýtum og afskráðum bílum og móttöku á brotajárni. Þótt við höfum annast flutning á tjónabílum þá höfum ekki farið út í hreinsunarstarf eða niðurrif á bílum. Þetta er alltaf spurning um hverskonar starfsemi á að blanda saman. Við megum ekki horfa eingöngu á afkomuhliðina við verðum einnig að huga aðeins að síðferðislegu hliðinni. Partasalarnir eru að koma hingað og bjóða í bíla hjá okkur og það líti ekki vel út frá síðferðislegu sjónarmiði ef við værum að keppa við þá á varahlutamarkaðnum. Við höfum því látið þá hluti vera.“

Ótrúlegt hversu fólk sleppur oft vel

Gísli og starfsmenn hans hafa komið að ýmsu í vinnu sinni fyrir tryggingafélagin í gegnum tíðina. Þeir hafa farið á staði þar sem slys og óhöpp hafa orðið til þess að ná í misjafnlega útleikin ökutæki og þannig fylgst með umferðamenningunni og hvaða breytingum hún hefur tekið í gegnum árin. Hann segir aðkomu að slíku misjafna og sumt líði seint úr minni. „Þegar við komum á slysstæði þá er öllu jöfnu allt fólk farið þannig að við sjáum ekki þar versta. Það lendir á

sjúkraflutningsmönnum og lögreglu og þeir eiga örugglega oft erfiðara en við á slíkum stundum en við, þótt við komumst ekki hjá því að upplifa aðstæður að nokkru leyti. Vissulega sjóast menn í þessu eins og öðru en sumt venst aldrei til fulls. Afdrif fólks leitar alltaf á hugann þótt maður sjái bara aðstæðurnar og umgjörðina en ekki fólkið sjálft sem hefur orðið fyrir óhöppunum.“

Gísli segir að miðað við útlit bíla, sem orðið hafa illa úti í umferðaróhöppum, þá sé oft ótrúlegt hversu vel fólk sleppi og meislasi séu ekki meiri eða alvarlegri en ætla mátti. Ég hef komið að bílum þannig útlitandi að efast hefði mátt um að nokkur hefði sloppið lífandi en fólk þó aðeins hlotið minniháttar meislasi eða skrámur. Það hefur komið mér mest á óvart í störfum mínum fyrir tryggingafélagin að sjá hversu fólk hefur oft sloppið ótrúlega vel úr mjög illa leiknum bílum.“

Hefur þetta breyst. Koma bílar verr útleiknir í dag en áður? Megin breytingin felast í því að bílar eru mun öruggari í dag en áður. Öll hönnun bíla hefur breyst mikið með það að markmiði að vernda fólk þegar óhöpp ber að garði. Við það má síðan bæta atriðum eins og aukinni notkun öryggisbelta og loftpúðunum sem eru í flestum yngri bílum. Þeir auka öryggið mikið.“ Gísli segir að margt bendi til þess að bilið á milli heilsutjóns á fólki og hefðbundins eignatjóns í umferðaróhöppum hafi vaxið. Bílarnir verndi fólk betur en áður. Á móti þessu komi hins vegar að með betri bílum og einkum bættum vegum þá aukist ökuhraðinn. Engin spurning sé um að mun verr útleiknir bílar komi úr óhöppum á þjóðvegum en úr þéttbýlisumferðinni. Þar skipti ökuhraðinn meginmáli. „Mín reynsla er sú eftir að hafa sinnt þessum málum um árabíl að forðast hefði mátt mjög mörg þau tjón sem við höfum komið að í gegnum árin hefði hraðinn verið minni. Flest stærri óhoppa og tjóna sem orðið hafa á þjóðvegum má með beinum hætti rekja til ökuhraða miðað við aðstæður. Hraðinn er stærsti ógnvaldurinn í umferðinni og með því að ná honum niður má draga verulega úr óhöppum og tjónum á ökutækjum og fólki.“

Penslan eykur hætturnar í umferðinni

Og Gísli heldur áfram að velta orsökum umferðaróhoppa fyrir sér. „Þegar mikill uppgangur er í atvinnu- og efnahagslífinu eins og verið hefur að undanförunu þá kemur það fram í umferðinni. Fólk ekur meira. Meira álag er á mörgum. Fólk leggur e.t.v. ekki eins upp úr að fara vel með ökutæki sín þegar auðveldara er að endurnýja þau. Þegar kreppir að þá fer fólk að spara bíla og eldsneyti. Börnin fá minna að keyra og minna verður um kvöldakstur og annan akstur sem ekki tilheyrir brýnum dagsverkum. Fólk fer sjaldnar í langferðir út á land. Það dregur úr umferðinni sem kemur fram í færri óhöppum. Umferðin og umferðarmenningin fylgir því að nokkru leyti taktinum í þjóðfélaginu þannig að penslan eykur hættuna á óhöppunum. Það er engin spurning,“ segir Gísli Jónsson, eigandi og framkvæmdastjóri Króks að lokum.

Ósamkomulag ríkis og borgar og hátt söluverð olli flutningi í Mjóddina

Innan tíðar mun heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu flytja höfuðstöðvar sínar í Mjóddina í Breiðholti en heimahjúkrunin er þegar flutt þangað. Verið er að ljúka endanlegum fágangi á húsnæðinu en um miðjan ágúst á starfsemi heilsugæslunnar að flytja úr Heilsuverndarstöðvarhúsinu við Barónsstíg samkvæmt samningi við núverandi eiganda hússins. Sala Heilsuverndarstöðvarinnar og flutningur á starfsemi heilsugæslunnar hefur verið nokkuð umdeildur og hefur heilbrigðisstarfsfólk, sem starfar á Landsspítala Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut og sinnir einnig verkendum fyrir Heilsugæsluna, látið í ljósi óánægju með þessa tilhögun. En af hverju var ákveðið að flytja starfsemi, sem um áratuga skeið hefur verið í Heilsuverndarstöðinni í nágrenni Landsspítalans og nú Landsspítala háskólasjúkrahúss í Mjóddina í Breiðholti. Breiðholtsblaðið rekur hér lítilla sögu málsins.

Mun hærra söluverð en gert hafði verið ráð fyrir

Aðdraganda þessa máls má rekja til sölu á húsi Heilsuverndarstöðvarinnar á síðasta ári sem aftur má rekja til þess að samkomulag hafði ekki náðst um viðhald byggingarinnar á milli eigenda hennar, sem voru ríki og Reykjavíkurborg. Viðhaldi hafði því verið ábótavant um árabíl þegar samkomulag náðist um að að selja húsið þannig að það kæmist á hendi eins aðila sem bæri síðan ábyrgð á viðhaldi þess. Rætt var um að ríkið leysti hlut Reykjavíkurborgar til sín en samkomulag náðist ekki um verðmæti hússins og var Heilsuverndarstöðin í framhaldi af því auglýst til sölu á almennum fasteignamarkaði. Þeim möguleika mun þó hafa verið haldið opnum að ríkið gengi inn í tilboð um kaup á húsinu þegar það bærisk. Sú staðreynd að ekki var búið að leysa húsnæðismál heilsugæslunnar, sem þarf á yfir þrjú þúsund fermetra húsnæði að halda fyrir starfsemi sína, styrkir það sjónarmið að ætlunin hafi verið að starfrækja heilsugæsluna þar áfram þótt nýir eigendur tækju við eignarhaldi og rekstri hússins. Af því varð þó ekki og ástæða þess að öllum líkindum sú að kauptilboð sem barst í húseignina var mun hærra en gert hafði verið ráð fyrir. Fyrirtækið Mark-hús bauð 980 milljónir króna í Heilsuverndarstöðina en verðmæti hússins hafði verið áætlað á bilinu 600 til 700 milljónir. Hið háa kaupverð hefur að öllum líkindum gert nýjum eiganda hússins erfitt um vik að bjóða Heilsuverndarstöðinni það leiguverð sem stofnunin gat gengið að með góðu móti. Því var farið að huga að nýju húsnæði fyrir starfsemi hennar.

VISA plássið losnaði

En af hverju var ákveðið að flytja starfsemi Heilsugæslunnar í Mjóddina í Breiðholti. Ástæða þess var einfaldleg sú að þar var húsnæði í boði. Um er að ræða húsnæði í eigu Landsafls, sem er í eigu Landsbanka Íslands. Hluti þessa húsnæðis er við Álfabakka 16 og losnaði þegar starfsemi VISA Íslands var flutt þaðan á Laugaveg 77 þar sem losnað hafði um húsrými vegna breytinga í húsanotkun bankans. Landsafl festi einnig kaup á húsnæði við Þönglabakka þar sem áður hafði verið rekinn keilusalur og bauð þetta húsnæði til samans til afnota þegar Ríkiskaup auglýstu

eftir húsnæði undir heilsugæsluna. Alls bærust fjögur tilboð í að hýsa þessa starfsemi, frá Landsafl, Mark-húsi og tveimur aðilum sem áttu eftir að byggja þau hús sem þeir voru að bjóða. Nokkuð ljóst er að tilboð Landsafls hefur verið hagstæðara en önnur tilboð sem bærust, þar á meðal frá Mark-húsi, þar sem því var tekið þótt gera yrði kostnaðarsamar framkvæmdir og endurbætur á húsnæðinu áður en það yrði tekið í notkun. Einnig var ljóst að óá-

nægja myndi skapast á meðal starfsfólks með að starfsemin yrði flutt frá Barónstígnum.

Fjölmennasti vinnustaðurinn

Um 220 manns tengjast starfsemi Heilsugæslunnar og heimaþjónustunnar að jafnaði. Þótt hluti starfseminnar fari fram á heimilum út um alla borgina þá verður þetta langfjölmennasti vinnustaður í Mjóddinni og

Breiðholtinu öllu. Með flutningnum verður Heilsugæslan nær því að vera miðsvæðiðs en við Barónsstíginn sé litið til útbreiðslu höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum og auðveldara verður með bilastæði fyrir viðskiptavinum hennar og skjólstaðinga. Á móti koma ákveðin óþægindi fyrir það starfsfólk, einkum frá Landsspítala Háskólasjúkrahúsi, sem einnig sinnir störfum fyrir heilsugæsluna og þarf að fara frá Hring-

braut eða Eiríks götu upp í Breiðholt til hlutastarfa af þeim sökum. „Það er mál sem við þurfum að finna lausn á,“ sagði Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar, í samtali við Breiðholtsblaðið. Einnig hafa komið fram gagnrýnisráddir frá starfsfólki á húsnæðið í Mjóddinni er bæði snúa að stærð þess og staðsetningu. Ekki er hægt að líta á þær sem óeðlilegar þegar um jafn róttæka breytingu er að ræða á umhverfi svo stórrar starfsstöðvar og raun ber vitni. En hvað sem aðstæðum og skoðanaskiptum um málið liður mun starfsemi Heilsugæslunnar og heimahjúkrunarinnar sem komin í Mjóddina til þess að vera, að minnsta kosti um ófyrirséðan tíma.



Bíldshöfði 18 110 Reykjavík (Við hliðina á Húsgagnahöllinni)

Hamburgara Búlla Tómasar Bíldshöfða 18

S: 577 1888

Þú hringir og pöntunin er tilbúin þegar þú kemur. Tilboðin gilda einnig í veitingasal.

Fjölskyldutilboð

2 stórir ostborgarar, 2 barnaostborgarar
Stór skammtur af frönskum, 2 koktelsósur og 2 lítra gos

2.490 kr.

(Bættu við stórum ostborgara m/frönskum 590 kr.)

(Bættu við barnaostborgara m/frönskum 390 kr.)

Kveðja Tommi, Öddi og Óðinn

Opið 11:30 - 21:00 sunnud-fimmtud og 11:30 - 21:00 föstud-laugard.

20% afsláttur
af merkjasnyrtivöru

CLINIQUE

BIOThERM

LANCÔME
PARIS

20%
afsláttur

af öllum ilmum,
Marc Anthony hárvörum
og vítamínum

20% afsláttur
af snyrtivöru

L'ORÉAL
PARIS

NIVEA
BEAUTÉ


20%
afsláttur

af allri sólarvörn

20%
afsláttur

af vörum frá
Gamla apótekinu

Óvæntur glaðningur fylgir
afgreiddum lyfseðlum



Sumardagar í Lyf & heilsu Mjódd

20. júlí til 31. júlí

Ragnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, skrifar:

Fegrunaráttak

22. júlí

Við sem búum og störfum í Breiðholti erum flest sammála um að frá náttúrunnar hendi sé fallett í Breiðholti. Neðra Breiðholtið kúrir undir brekkunni í góðu samspili við Elliðaárdalinn. Landslag í Fella- og Hólhverfi einkennist af sléttendi og brekkubyggð. Seljahverfið stendur að miklu leyti í halla og er í góðu nágrenni við opin svæði.

Útsýni yfir borgina, út á sjóinn og til Esjunnar og Akrafjallsins er óvitað betra en ofan úr Breiðholti. Eins og eðlilegt er í byggð sem stendur hátt og vítt er til allra átta þá getur vindurinn stundum blásið hressilega.

Á liðnum árum hefur trjágróður tekið vel við sér í hverfinu og myndar nú gott skjól fyrir mannlíf og dýralíf.

Á margan hátt hefur vel tekist til með skipulag hverfisins og stutt er að fara í vel gróin og skógivaxin opin svæði. Þar má nefna Elliðaárdalinn, brekkuna milli neðra og efra Breiðholts, svæðið fyrir ofan Seljahverfið og Seljadalinn.

Elstu hverfi Breiðholtsins eru komin á fertugsaldurinn og því orðin vel gróin og íbúar hafa með mikilli eljusemi skipulagt lóðir sínar og flestir haldið þeim vel við.

Þrátt fyrir fallett landslag og víða gott skipulag þá eru til staðir í hverfinu okkar sem við þurfum að hugsa betur um.

Of mikið er um að lóðum og mannvirkjum sé ekki vel viðhaldið. Reykjavíkurborg á miklar eignir í Breiðholti sem og í öðrum hverfum. Borgin hefur metnað til að byggingar, götur og opin svæði séu í sem besta standi. Þrátt fyrir góðan hug borgaryfirvalda er víða þörf á að taka til hendinni. Nokkuð er um að viðhald bygginga og leiksvæða hafi setið á hakanum, þar sem áhersla hefur frekar verið lögð á nýbyggingar.

Húsnæði og lóðir í einkaeigu, hvort sem um er að ræða íbúðar- eða atvinnuhúsnæði eru á ábyrgð eiganda sinna.

Því miður má sjá ljóta bletti í hverfinu okkar, þar sem viðhald einkaeigna er ekki ásættanlegt og setur ljótan svip á næsta umhverfi. Rekstaráðilar atvinnuhúsnæðis þurfa á nokkrum stöðum að bindast samtökum og mála yfir veggjakrot og fegra sitt næsta umhverfi.

Við sem búum og störfum í Breiðholti eigum ekki að setta okkur við að í hverfinu séu staðir sem er svo illa gengið um að við viljum helst ekki af þeim vita.

Við getum snúið þessari þróun við með hugarfarsbreytingu í þá átt að fegurra umhverfi skapi betra mannlíf. Við verðum öll að taka saman höndum og aðstoða hvert annað við að halda hverfinu



Ragnar Þorsteinsson.

okkar hreinu og snyrtilegu.

Borgaryfirvöld hafa skorið upp herör gegn slæmri umgengni og sóðaskap í borginni og munu á næstu árum standa að fegrunaráttaki í öllum hverfum.

Við erum svo lánsöm hér í Breiðholti að fá að vera fyrsta hverfið í þessu átaki. Laugardaginn 22. júlí mun verða fegrunardagur hér í Breiðholti þar sem borgarstafsmenn, nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur, félagsamtök, íbúar og aðrir áhugasamir ætla að sameina krafta sína og fegra Breiðholtið.

Auk þess að snyrta okkar eigin lóðir og næsta umhverfi þá ætlum við að vinna fyrir hvert annað og hjálpast að við að fegra Breiðholtið.

Settar verða upp þrjár stöðvar í hverfinu, við Breiðholtsskóla í neðra Breiðholti, við Breiðholtslaug í efra Breiðholti og við Hólmasel í Seljahverfi. Á þessum stöðvum söfnuðst við saman kl. 11:00, fáum verkfæri, ruslapoka og annað sem til þarf, skiptum okkur niður á svæði undir góðri verkstjórn borgarstafsmanna og hefjumst handa.

Við munum snyrta opin svæði, tína rusl, hreinsa veggjakrot, leggja torfur, hnýta fótboltanet, kantskera, sópa og bæta girðingar svo dæmi séu tekin.

Að loknu góðu dagsverki fögnum við vel heppnuðum degi með því að koma saman kl. 16:00 til 17:00 á sömu stöðum, þar sem boðið verður upp á veitingar og skemmtiatriði.

Til þess að dagurinn heppnist eins vel og vænst er til þá hvet ég alla íbúa og rekstraráðila í Breiðholti að taka höndum saman við borgaryfirvöld með það í huga að fegra Breiðholtið.

Þjóðum ekki hvert öðru upp á illa hirt umhverfi og sóðaskap heldur sameinumst um að gera hverfið okkar Breiðholt fallegasta hverfi Reykjavíkur.

**borgar-
blod.is**

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Það var hún Bryndís Bjartmars, frænka mín, vinkona og samstarfskona sem eiginlega krafðist þess að ég tæki til á - eða öllu heldur í náttborðinu mínu, og segði öðrum frá hvað þar er að finna. Þetta geri ég með ánægju, enda vor- og sumarhreingerning nauðsynleg þar sem annars staðar.

Frá barnæsku hafa bækur verið stór hluti af lífi mínu. Það má jafnvel kveða svo sterkt að orði að þær hafi verið alls ráðandi á stundum. Þegar ekki viðraði til útleikja valdi ég helst að hreiðra um mig með góða bók, nema ef svo heppilega vildi til að útvarpið sæi mér fyrir góðu leikriti eða sögu. Öll þessi afþreying fól í sér ímyndun. Útvarpsleikritið og sagan lífnaði við í huga barnsins og á sama hátt urðu til heilu kvikmyndirnar við lestur góðrar barnabókar. Í dag er þessu því miður öðruvísi farið. Kvikmyndirnar líða hjá á skjánum án þess að áhorfandinn skapi nokkuð af sjálfsdádóm. Allt er gefið. Sérlega finnst mér erfitt að sjá góða sögupersónu, sem ég hef fullkomnað í huga mér, vera eyðilagða í kvikmynd.

Fyrir nokkrum árum hóf ég nám í ensku við Háskóla Íslands. Námið fól í sér meðal annars lestur og greiningu á helstu perlum enskra og amerískra bókmennta. Þetta hafði í för með sér óhemju lestur á örskotshraða. Ég minnst eins kennara míns sem sagði í upphafi vetrar: „Ef þið getið ekki lesið 60 blaðsíður á klukkustund þá hafið þið ekkert hingað að gera“. Ég drattaðist áfram með mínar 40 blaðsíður og komst á endapunktur í fyrra vetur. Þetta hafði þær afleiðingar að ég fékk eiginlega nokkurs konar „lesitis“ og hef verið að vinna úr því síðan. Sjúkdómseinkennin felast í því að byrja á bók, dæma hana ljóta og leiðinlega strax eftir 10 blaðsíður og fleygja frá sér. Jafnvel Mogginn fór ólesinn hjá.

Þennan síðasta vetur hefur batinn komið smátt og smátt og ætla ég að gefa nokkra innsýn í þær bókmenntir sem færðu mér lækningu.

Náttborðið mitt er einkar lítið. Á borðplötunni kemst fyrir lampi, bók og gleraugun mín. Það skemmtilega við þetta borð er skúffan. Náttborðið mitt er eiginlega ein stór skúffa og í henni kennir margra grasa. Þetta hefur verið safnskúffa fyrir allar þær bækur sem ég „ætla einhvern tímann“ að lesa og nú á vordögum hefur verið óðum að saxast á þennan stafla.

Fyrst ber að nefna tvær bækur eftir bandaríska rithöfundinn Sue Monk Kidd.

Sue Monk Kidd býr í suðurríkjunum og þar er söguvið bóka hennar. Ég las „The Secret Life of Bees“ af mikilli áfergu. Kidd hefur þessa undarlegu hæfileika, að koma hugsun sinni til skila á þann hátt að mann þyrstir í að vera leiddur áfram án þess að stoppa.



Elín Ásta Hallgrímsson.

„The Secret Life of Bees“ er þroskasaga ungrar stúlku, Lily, sem þarf að takast á við hrikaleg vandamál úr æsku sinni jafnframt því að sjá tilganginn í því að halda áfram. Þrátt fyrir þetta er bókin full af hlýju og ást á lífinu með öllum þess átökum, erfðleikum - og sigrum. Hin bókin eftir sama höfund heitir „The Mermaid Chair“ og fjallar um konu á óræðum aldri sem hefur verið gift í 20 ár. Atburðir gerast þannig að hún neyðist til að taka skref út fyrir þessa vörðudu lífsbraut og velta fyrir sér og skoða það sem liðið er, jafnframt því sem hún reynir að sjá hvernig hún getur stýrt skrefum sínum þannig að framtíðin geti ljáð lífinu tilgang. Í upphafi féll ég í þá gryfju að dæma þessa sögu sem hvurt annað amerískt kjafaæði. Eftir því sem leið á fann ég sjálfa mig í því að ganga um gólf og velta fyrir mér þeim sjónarmiðum og lífsspeki sem Sue Monk Kidd lagði fram í texta sínum. Allt í einu var söguþráðurinn orðinn aukaatriði. Sama verð ég að segja um „The Alchemist“, sem er næsta bók í staflanum. Ég hef lesið nokkrar bækur eftir Paulo Coelho og eru þær hver með sínu nefi, þó hinn þungi undirtónn sé alltaf það ferðalag sem við leggjum upp í strax við fæðingu, þ.e. að finna okkar einstaka sess í tilverunni. Veronica Decides to Die, By the River Piedra I Sat Down and Wept og nú síðast The Alchemist, allar syngja þær sama tón: „Lífið er að óska þess nógu heitt“. Ég er viss um að fyrir hverjum og einum eru bækur Paulo Coelho persónuleg upplifun, svo framarlega sem einhver áhugi er á því að hugsa um og finna tilgang í lífinu en fljóta ekki sofandi að feigðarósi.

Eftir lestur þessara bóka er svo komið hjá mér að rötíð í salartetrinu er algjört. Til að lægja öldurnar er nóg fyrir mig að kíkja enn neðar í náttborðskúffuna þar sem margar góðar bækur bíða annað hvort eftir frumlestri eða eins og hin stórkostlega bók „Silmarillion“ eftir J.R.R.Tolkien sem, eftir „námslestur“ bíður nú „nammillestrar“.

Eiginlega þarf maður að lesa Silmarillion á undan Hringadróttins sögu, því í henni skapar Tolkien sína undraveröld og flytur lesandann inn í ævintýraheim þeirra

furðuvera sem byggja söguvið Hringadróttins sögu. Það er eiginlega nauðsynlegt að hafa skapað sér þessa umgjörð og að hafa tamið sér þessa hugsun Tolkiens þegar hafist er handa við að lesa alla þá trilogíu.

Silmarillion er þung lesning og því hef ég í náttborðskúffunni einn gimstein sem alltaf er hægt að lesa kafla og kafla í til að létta hugann. Þetta er bókin „Winnie-the-Pooh“ eða „Bangsímón“ eftir hinn ástsæla breska höfund A.A.Milne. Mér er ógleymanlegt þegar ég hlustaði á Helgu Valtýsdóttur lesa þessa sögu í eigin þýðingu í barnatíma útvarpsins fyrir hálfri öld eða svo. Eins og flestir vita er sagan um bangsann hans Christopher Robin og ævintýrin sem hann lendir í með vinnu sínum. Í þessum sögum nær Milne að túlka þennan einfaldleika og einlægni sem býr í barnshjartanu. Einlægni sem kemur manni ósjálfrátt til að brosa, rétt eins og þegar ömmustrákurinn minn segir eitthvað skondið!

Ég fer nú að nálgast botninn á þessari merkilegu náttborðskúffu og á eiginlega aðeins tvennt eftir. Annað er bókin „Thorsarnir“ sem hefur verið þarna síðan á jólum. Ég hef lánað hana nokkrum sinnum á þessum tíma, en alltaf ratar hún aftur í skúffuna. Ég lit á það sem skyldu að lesa þessa bók þar sem hún fjallar um forfeður mína og áa en vandamálið er að ég hef svo lítinn áhuga á ævisögulestri. Ég verð þó að segja að eftir að hafa aðeins gluggað í fyrstu blaðsíðurnar þá kemur í ljós að þessi bók eftir Guðmund Magnússon virðist mjög skemmtilega skrifuð og ber ekki keim þessara dæmigerðu ævisagna. Hver veit, kannski kynnist maður nýrri hlið á Thor Jensen?

Á skúffubotninum er merkilegur gripur sem mér áskotnaðist fyrir nokkrum árum. Ferjubulur, rim við bláa strönd, geisladiskur þar sem Valgarður Egilsson, læknir og leikritaskáld, les eigið ljóð eða þulu, af för sinni með ferjunni upp á Skaga. Í bakgrunn má heyra þungan sjávarnið og fuglagarg. Þetta er áhrifamikil saga og lesturinn frábær, eins og allt sem Valgarður gerir.

Í sumar ætla ég að einbeita mér að léttmeti og glæpasögum, sem ég hef alveg trassað undanfarið. Helst langar mig að leita í smíðju þeirra íslensku glæpasagnahöfunda sem þykja hvað bestir. Ég hef gert nokkrar tilraunir og byrjað á bókum þeirra höfundar sem prýða toppsæti vinsældarlistanna, en alltaf gefist upp. Kannski „Lesitis“ um að kenna, en nú stendur það allt til bóta.

Þó að Örn Gústafsson, forstjóri, sé mikill athafnamaður hef ég heyrt að hann gefi sér alltaf tíma til að lesa góða bók. Mig langar því að skora á Örn að segja okkur frá því hvað leynist á náttborðinu hans.

Ný Álfaborg

Fyrsta skóflustungan var tekin að nýrri byggingu leikskólans Álfaborgar 21. júní síðastliðinn. Nýja húsið mun rísa á lóðinni við hlið gamla leikskólans og er gert ráð fyrir að það verði tilbúið næsta vetur.

Skóflustungan var samvinnuverkefni barnanna í leikskólanum og Kolbrúnar Vigfúsdóttur frá Menntasviði, sem einnig er fyrrverandi leikskólastjóri á Álfaborg. Að skóflustungunni lokinni var boðið upp á kaffi og kóku í tilfinni dagsins.



Á myndinni eru börn af Álfaborg að hjálpast að við að taka skóflustungu ásamt þeim Helgu Hansdóttur aðstoðarleikskólastjóra, Berglindi Agnarsdóttur leikskólastjóra og Kolbrúnu Vigfúsdóttur frá Menntasviði.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Karamellu, súkkulaði, vanillu og jarðarberja HVERSDAGSÍS

Hálft kíló af NÓA hrís- eða kókosbitum



Komdu í Bónus!

2 kælikubbar
2 KUBBAR
59 KR
2x 200g
Sjáðu verðið!

Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g 30% afsláttur við kassann FROSNIR OG FINIR Í FERÐINA!

XL alvöru brauð!
4 XL brauð
98 KR

BÓNUS 10 x 80g
699 KR
MERKT VERÐ 999

BÓNUS 5 x 200g
909 KR
MERKT VERÐ 1299

SÆLKERABJÚGU FRÁ KB
359 KR

SJÓMANNSHARÐFISKURINN
Beinlaus ýsa
HARÐFISKUR 230g
998 KR

SÖÐIN SVIÐ FRÁ GOÐA
GOÐA SVIÐ
489 KR
MERKT VERÐ 699
GODI

VIÐBIT MED ÓLÍFUOLÍU
L&L
Lett & laggott
viðbit með olívu
400g
139 KR

KF kofareykt sveitabjúgu
KOFAREYKT SVETTABJÚGU
299 KR
KJARNAFÆÐI

AMERÍSKAR RISAPITSUR
PIZZA
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
PIZZA LEVE-AU-FOUR
PIZZA
SCENDO
RISING CRUST PIZZA
LEVE-AU-FOUR
McCaín risapítsa
399 KR
770/820g
PPERONI
SAIAN
MAYENNE
Sjáðu verðið!

www.bonus.is



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

**Á síðastliðnum sex árum hefð
í umferðinni ef bílbelti hefðu v
um 40 manneskjur sem hug**



Öruggur staður til að vera á

Morgunblaðið



KB BANKI





UMFERÐARSTOFA

**Þi mátt bjarga 40 mannslífum
verið notuð. Við erum að tala
gсанlega væru á lífi í dag.**



MUNIÐ BÍLBELTIN



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



**Bilabúð
Benna**

Áhersla lögð á unga og aldna

Málefni eldri borgara, lækun leikskólagjalda, fleiri lóðir og fegrarátak er á meðal þess sem nýr meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að unnið verði að á næstunni. Hugsum stórt, horfum langt og byrjum strax er yfirskrift þeirra málefnaáherslna sem lagðar hafa verið fram. Þar segir m.a. að hefja eigi undirbúning að byggingu 300 nýrra leigu og þjónustubúða fyrir aldrada á kjörtímabilinu. Áætlað er að bæta heimaþjónustu og fjölga dagvistarrýmum auk þess sem samráðshópur um málefni eldri borgara er að taka til starfa.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri.

andi auk þess sem eitt fjölskyldugjald verður tekið í notkun. Þá er áformað að efna til viðræðna við ríkisvaldið um mögulega þátttöku í fjármögnun á frekari læk-

un leikskólagjalda. Ætlunin er að leita leiða til að brúa bilið frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóli hefst og að ganga til samninga við dagforeldra um stuðning til að tryggja framboð þjónustu þeirra. Hefja á undirbúning að stofnun smábarna-deilda við minnst einn leikskóla í hverju hverfi og gefa á öllum börnum á grunnskólastigi kost á frístundakorti í framhaldi af viðræðum við íþróttafélög og félagsamtök um tilhögun þess hvernig börnin notfæri sér kortin. Þá er ákveðið að leggja fram framkvæmdaáætlun um samræmingu skóla- og tómstundastarfs strax í haust.

Útídeild aftur til starfa

Hefja á viðræður við lögreglu-yfirvöld um aukid öryggi í borginni í sumar með það fyrir augum að útídeild taki aftur til starfa og áhersla á forvarnir verði aukin. Vinna á áætlun um endurbætur á öllum skólalóðum og á hún að liggja fyrir þegar á komandi hausti. Þá er áformað að grunnskólum í borginni og foreldrafélögum verði kynntir kostir þess að taka upp skólafatnað til þess að efla samstöðu, draga úr einelti og mismunun vegna efnahags.

Aukið framboð og fjölbreytni lóða

Strax á að hefjast handa við að auka framboð og fjölbreytni lóða og leggja sérstaka áherslu á lóðir fyrir sérbyli. Einnig á að hefja vinnu við skipulag nýrra hverfa; í Geldinganesi, Úlfarsfelli, Örfirisey og í Vatnsmýri. Afnema á uppboð á lóðum sem almenna reglu í nýbyggingarhverfum og gert er ráð fyrir að áætlun um uppbyggingu í miðborginni liggja fyrir á komandi hausti.

Ákvörðun í flugvallarmálinu á kjörtímabilinu

Hvað stóru verkefni varðar þá er gert ráð fyrir að ákvörðun um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar verði tekin á kjörtímabilinu og lega Sundabrautar verði ákveðin á þessu ári og hönnun vegarins og framkvæmdir geti hafist í kjölfarið. Fyrirhugað er að ljúka byggingu mislægra gatnamóta á mótum Kringlumýrabrautar og Miklabrautar á kjörtímabilinu.



Reykjavíkflugvöllur séður úr Perlunni. Gert ráð fyrir að ákvörðun um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar verði tekin á kjörtímabilinu.



Uppbygging strandbyggða og miðborgar er á verkefnalista nýs borgarstjórnarmeirihluta. Þarna sést úr Ananaustum í átt að Mýrargötu þar sem breyta á iðnaðarsvæði í íbúðabyggð.

Hreinsun og ókeypissí strætó

Við þetta má bæta að hefja á hreinsunar- og fegrarátak í hverfum borgarinnar nú í júlí og að aðgerðir verði hafnar til að

fjölga tækifærum íbúa til útivistar í borginni hefjast strax í sumar. Þá er áformað að gerð verði tilraun til að efla almenningsgöngur með ókeypissí strætóferðum fyrir tiltekna hópa.

Netsaga.is

Golfkennsla

Nökkvi Gunnarsson

Meðlimur hjá USGTF og IPGA
UNITED STATES GOLF TEACHERS FEDERATION

Einkakennsla og hópar

Upplýsingar í síma 893 4022



SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASALI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)


Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712



Úr Geldingarnesi þar sem fyrirhugað er að næsta borgarhverfi muni rísa.

Hér er ég!

Mjódd

Smiðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Svavar Stefánsson

Innflytjendur í Breiðholti

Í Breiðholtshverfunum er nokkur hluti íbúa af erlendu bergi brotinn. Hér er um innflytjendur að ræða sem flust hafa til landsins ýmist vegna atvinnu, sem makar Íslendinga eða af öðrum ástæðum. Hlutfall innflytjenda hér er í sjálfu sér ekkert hærra en víða annars staðar í borginni en þó er fjöldi þeirra hærri í einstökum götum hverfanna. Ýmislegt hefur verið gert, og er reyndar í gangi, af ýmsum aðilum og stofnunum til að auðvelda innflytjendum að aðlagast hinu nýja samfélagi sem þeir hafa kosið að búa í. Það þarf líka að uppfræða og kynna Íslendingum (innfæddum) að umgangast innflytjendur af virðingu og jafnrétti. Og alltaf má gera betur í þessu efni.

Af reynslu annarra þjóða má læra að oft hafa orðið hnökrar í samskiptum innflytjenda og þeirra innfæddu. Oftast nær verða þessar árekstrar vegna tortryggni og jafnvel fáfræði og vanþekkingar frá báðum hliðum. Með skipulögðum og samhæfðum aðgerðum má í nær öllum tilfellum forðast þá vankanta sem upp koma og búa okkur samfélag þar sem

allir njóta sannmælis og réttlætis án kynferðis, uppruna, trúarbragða, menningar eða hvers þess annars sem kann að aðgreina okkur.

Í Fella- og Hólakirkju hefst nú í haust tilraunaverkefni til að reyna að ná til innflytjenda og þá sérstaklega þeirra sem búa hér í hverfunum. Verkefnið hefur verið kallað „Kirkjan fyrir alla“. Markmið þess er að gefa innflytjendum tækifæri til að koma saman og blanda geði við okkur innfædda. Fella- og Hólakirkja vill stuðla að því að innflytjendur finni í kirkjunni uppbyggilegan stað og gefandi samfélag fólks sem er tilbúið að kynnast innflytjendum, aðstoða þá eftir mætti að aðlagast samfélaginu. Einnig að við, innfæddir, fáum tækifæri til að kynnast innflytjendum, löndum þeirra, sögu og menningu svo það auðveldi okkur að stofna til vináttu og gagnkvæms skilnings.

Hér í Fella- og Hólakirkju höfum við verið að undirbúa þetta verkefni í góðri samvinnu við stofnanir og einstaklinga sem hafa reynslu á þessu sviði og einnig við einstaklinga sem eru innflytjendur og hafa búið hér um lengri

eða skemmri tíma. Búið er að móta ýmis verkefni sem kynnt verða nánar síðar. Þau miða öll að því að opna kirkjuna fyrir innflytjendur og ekki síður til að kalla á þá innfædda sem vilja koma og vera með í þessu starfi. Ljóst er að þetta verkefni stendur og fellur með því að bæði innflytjendur og innfæddir taki höndum saman og vinni með okkur að þessu verkefni. Fjölmargir aðilar hafa heitið okkur liðsinni.

Kirkjan er ekki bara hús. Hún er samfélag fólks sem vill í trú og kærleika vinna að jákvæðu og uppbyggilegu starfi til að bæta samtíma sinn, samskipti og vináttu þeirra sem hana sækja og sinna. Hún er því að mörgu leyti kjörinn vettvangur til þessa verkefnis og hefur biskup Íslands og kirkjuráð þjóðkirkjunnar hvatt og stutt Fella- og Hólakirkju til að takast á hendur þetta verkefni.

Þann 23. september n.k. hefst verkefnið formlega með málþingi í safnaðarheimili kirkjunnar. Málþingið sem nefnt er „Öll eitt-en ekki eins“ hefst kl. 10 og stendur til kl. 13. Einstaklingar, innfæddir og innflytjendur munu flytja stutt ávörp, borgarstjóri og borgarfull-

trúar munu ávarpa málþingið og taka þátt í umræðum ásamt öðrum. Öllum er heimil þátttaka og er aðgangur ókeypis. Ég vil hvetja sem flesta til þátttöku og kynna þetta fyrir þeim

innflytjendum sem þeir þekkja og eru nágrannar. Vinnum þetta verk saman til að gera okkar góða hverfi enn betra og bæta mynd þess enn betur en áður.

Ljósmyndasamkeppni um betra Breiðholt

Þjónustumiðstöð Breiðholts efnir til ljósmyndasamkeppni meðal íbúa í Breiðholti í tengslum við febrúarátak Reykjavíkur sem verður í Breiðholti 22. júlí. Þema keppinnar er mannlíf og umhverfi í Breiðholti og slagorð er „BETRA BREIÐHOLT“.

Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík, merktar „Beta Breiðholt“. Að keppninni lokinni verða bestu myndirnar sýndar á ljósmyndasýningu í göngugötunni í Mjódd og birtar í Breiðholtsblaðinu. Vegleg verðlaun frá Myndvali í Mjódd eru í boði fyrir fimm bestu myndirnar. Breiðholtsbúar eru hvattir til að taka þátt í samkeppninni og festa á mynd mannlíf og umhverfi í sinu frá bæra hverfi. Þess má geta að kynningarbæklingi um ljósmyndasamkeppnina var dreift á öll heimili í Breiðholti um síðustu helgi.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298



Grill og ostur

– ljúffengur kostur!



Guðjón Ragnar Jónasson skrifar:

Að stuðla að bættu Breiðholti

Á hverju sumri taka unglingar úr Breiðholti þátt í starfi Vinnuskóla Reykjavíkur. Störf þeirra eru margvísleg og sinna þeir flestir ýmiss konar fegrun á borgarlandinu svo og í Heiðmörkinni. Í ár eru nokkur sprotaverkefni í gangi innan Vinnuskólans en svo kallast nýsköpunarverkefni skólans. Eitt þessara verkefna er svokallaður umhverfshópur sem staðsettur er í Félagsmiðstöðinni Miðbergi. Í hópnum er nemendur víðs vegar að úr Breiðholtinu og sáu grunnskólarnir í hverfinu um að tilnefna þrjá til fjóra áhugasama nemendur í hópinn. Miðberg leggur til húsnæði og aðstöðu fyrir hópinn, enda er hér um að ræða samstarfsverkefni Vinnuskólans, félagsmiðstöðvarinnar og Þjónustumiðstöðvarinnar í Breiðholti.

Að stuðla að bættu Breiðholti

Markmið verkefnisins er að gefa hópnum færi á að taka ábyrgð á umhverfi sínu og koma með tillögur til úrbóta og brydda um leið upp á skemmtilegum nýjungum. Í þessu augnamiði hefur hópurinn samráð við ráðandi aðila í hverfinu um heilladrjúgar aðgerðir í umhverfismálum Breiðholtsins. Hópurinn á samstarf við Þjónustumiðstöð Breiðholts og í sameiningu vinna þessir aðilar að bættu umhverfi í íbúðarhverfinu. Tilkoma umhverfshópsins rímar afar vel við hreinsunaráttak borgarstjórnar, enda er markmið beggja aðila að stuðla að bættu Breiðholti. Á dögnum heimsótti Gísli Marteinn Baldursson, formaður Umhverfissráðs Reykjavíkur, hópinn í starfsaðstöðu hans í Miðbergi og hlýddi á hugmyndir krakkanna. Á fundinum spunnust fjóru umræður um hvað betur mætti fara í ásynd hverfisins og féll Gísli vel inn í hópinn, enda fæddur og uppallinn í Efra-Breiðholti. Í lok fundar bauð hann

hópnum að koma til fundar við Umhverfissráð til að kynna hugmyndir sínar og var sá fundur haldinn hinn 12. júní.

Einkennislitur í stað drunga og grámyglu

Viðfangsefni hópsins hafa verið af ýmsum toga. Fyrstu dagana unnu nemendur ákveðna hugmyndavinnu um hverju þeir vilja breyta varðandi ásynd hverfisins. Það var samdóma álit krakkanna að þeim þætti of mikil drungi og grámygla einkenna marga staði í Breiðholti. Þeir voru sammála um að eitthvað þyrfti að gera varðandi umhverfið við Arnarbakka og í grennd við skátaheimilið við Gerðuberg. Til að draga úr þessari grámósku í hverfinu vilja nemendur auka litafjölbreytni og sem dæmi má nefna vilja þeir velja ákveðinn einkennislit fyrir hverfið sem nota mætti á lokunarhlíð gatna, tengikassa, ruslakassa, í undirgöngum og ef til vill á fleiri stöðum. Nemendurnir voru mjög óánægðir með útlit undirgangna sem flest voru máluð í gráum lit sem síðan þakinn öðrum gráum lit til að mála yfir veggjakrot. Hugmynd krakkanna er sú að hvert borgarhverfi Reykjavíkur eigi sér ákveðinn einkennislit. Ljóst er að ekki er samstaða innan borgarkerfisins um allar þessar hugmyndir, en það er von unga fólksins að hugmyndir þeirra verði vísir að einhverri breytingu, og hafa kjörnir fulltrúar borgarinnar sýnt hugmyndunum mikinn áhuga.

Bekkjarsmiði úr íslenskum viði

Auk þessarar hugmyndavinnu sinna krakarnir í hópnum hefðbundnum vinnuskólaverkum eins og snyrtingu og umhirdu opinna svæða. Einnig hafa þeir fengist við bekkjarsmiði úr íslenskum viði sem fenginn er úr Heiðmörk og er ætlunin að smíða bekkir sem stað-



Umhverfshópurinn í Miðbergi tilbúinn í slaginn við að gera gott Breiðholtshverfi betra.



Jákvæð tákni á borð við fána, blóm og umhverfissvæna liti eru áberandi.

settir verða í Elliðaárdalnum. Það er gaman að vita til þess að rúmlega hálfri öld eftir að skipulögð skógrækt hófst innan borgarlandsins, sé komið hráefni sem nýta má til smíði ýmissa nytjahluta að stórum hluta unnin af nemendum Vinnuskólans. Hver veit nema ömmur og afar einhverra þeirra sem að bekkjarsmiðinni koma hafi plantað trjánum í árdaga Vinnuskólans.

Lóð á vogaskál

Að lokum er rétt að geta þess að ef gengið er eftir stígunum niður í Grænugróf í Elliðaárdal má sjá falleg blómaker á honum sem gerð eru úr gömlum öskutunnum sem skornar hafa verið í tvennt. Þessar tunnur eru fallega málaðar af krökkunum og í þær hafa verið sett litrík sumarblóm. Markmiðið með gerð þessara kera er að lifga upp á hverfið og brjóta þannig upp þá grámyglulegu áru sem að mati margra hefur legið líkt og mara yfir Breiðholtinu. Það er von nemendanna í umhverfshópnum að með tillögum sínum leggi þau sitt lóð á vogarskálarnir til þess að draumurinn um betra Breiðholt megi verða að veruleika. Það er einnig von þeirra sem standa að umhverfshópnum að verkefninu verði haldið áfram á næsta ári og þannig náist að virkja þann mikla mannaúð sem býr í yngstu kynslóðinni í hverfinu.

EIGUM SUMARGJÖFINA FYRIR ÞIG

HM búningasett barna kr. 3995.-

Fótboltaskór frá kr. 3995.-

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Umboð fyrir Hapdrætti Háskóla Íslands SÍBS og DAS

Leiksport

Sími 5575020 Hólagarði

FJÖR Á KAFFI STRÆTÓ MJÓDD

TILBOÐSDAGAR!!

Fish and Chips + Pepsi kr. 1000.-
Buff m/grænmeti og lauk kr. 1.200.-

Danskt smurbrauð frá kr. 500.-

Kaldar samlokur frá kr. 400.-

Afsláttarkort á bjór - tveir ókeypis

Bjór og skot kr. 800.-


Dans um helgar - opið til kl. 5:30

Boltinn í beinni á breiðtjaldi

Breiðholtsbúar standið saman um ykkar hverfispöbb.



Mjódd • Sími 557 2700 • Opið frá kl. 11



SUND ER SLÖKUN

AFGREIÐSLUTÍMI
BREIÐHOLTSLAUGAR
Virka daga **kl. 6:30 - 22:00**
Helgar **kl. 8:00 - 20:00**

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík



Gaman í útilífsskólanum

Skátafélagið Segull í Seljahverfi stendur fyrir útilífsskóla sem kallast Útilífsskóli Seguls. Um er að ræða leikjanámskeið fyrir alla krakka á aldrinum átta til tólf ára. Námskeiðin eru fimm daga og skiptast niður í borgardaga og útilegu. Fyrstu þrjá daga vikunnar er farið í leiki, heimsóknir og leystar þrautir innan borgarmarkanna en á fimmtudegi er farið í útilegu að Úlfjótavatni og komið heim aftur seinni hluta föstudags.

Í útilegunni er m.a. farið í gönguferð, poppað yfir eldi, krakkarnir læra skyndihjálp, rötun og að klifra og síga og að kvöldi er grillað og haldin kvöld-

vaka. Unnur Ósk Unnsteinsdóttir hjá Skátafélaginu Segli segir markmið námskeiðanna fyrst og fremst að börnin skemmti sér, njóti þess sem náttúran hefur uppá að bjóða og læri að starfa og leika í hóp. Það sem af er þessu sumri hafa krakkarnir meðal annars farið í heimsókn á slökkvistöð, í hjálparveit, farið í leiki í Elliðaárdalnum, rennt sér í sápurennibraut og margt fleira. Útilífsskólinn er fyrir alla krakka átta til tólf ára en allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Útilífsskólanna www.utilifsskoli.is. Myndirnar segja meira en mörg orð um góða stemmingu í útilífsskólanum.



Afram strákar og stelpur.



Alltaf má bregða á leik.



Gaman í útilegu.



Stundum getur orðið kalt en þá er bara að klæða sig vel.

Leiknir í harðri baráttu

Meistaraflokkslið Leiknis stendur í mikilli baráttu í 1. deildinni þessa dagana. Leiknismenn byrjuðu mótið vel en hafa núna tapað tveimur leikjum í röð og eru sem stendur um miðja deild. Því er bæði stutt í botnbaráttuna og stutt í toppbaráttuna og hvetja Leiknismenn alla til að koma og styðja hverfisfélagið sitt í þeirri hörðu baráttu sem það stendur

nú í. Ætlunin er að halda sætinu í 1. deildinni og því vantar strákana allan þann stuðning sem til þarf til að ná sem bestum árangri til að Breiðholtið eigi sinn fulltrúa í 1. deildinni að ári líðnu.

Annar og þriðji flokkur eru undir stjórn Óla H. Sigurjónssonar. Annar flokkur hefur byrjað mótið vel og eru með eitt jafntefli og unnið alla aðra leiki í Íslandsmót-

inu hingað til, en þriðja flokkur hefur gengið upp og ofan. Þeir misstu nokkra lykilmenn til útlanda og hefur það komið niður á spilamennskunni en engu að síður er allt á uppleið hjá þeim.

4. og 5. flokkur eru undir stjórn Þórðar Einarssonar og hafa þeir byrjað Íslandsmótið vel og hafa allir staðið sig með sóma.

22 Leiknisstrákar á Shellmóti í Eyjum

Alls tóku 22 strákar úr Leikni þátt í Shellmótinu í Vestmannaeyjum. Þeir héldu af stað til Eyja ásamt sjö forráðamönnum félagsins tilbúnir í að gera sitt besta.

Komið var á þriðjudegi til Eyja og svo á miðvikudeginum var heljarinnar skemmtidagsskrá.

Fyrst var það æfing var á komudeginum til Eyja og að

henni lokinni var sprangað en dagurinn endaði með mat og sundferð. Mótið sjálft hófst á fimmtudegi og lögðu öll lið sig vel fram og var virkilega gaman að horfa á strákana. Um kvöldið var svo skemmtun og skrúðganga. Leikið var aftur á föstudag og laugardag en á laugardag var Árni Elvar leikmaður Leiknis valin í pressuliðið og stóð sig með þryði. Sunnudagurinn gekk

best og fóru svo allir með sigra og verðlaunapening heim með Herjólfu um kvöldið að sjálf-sögðu með bros á vör. Einnig voru veitt verðlaun fyrir þrúðasta strákinn og var það Óli Hafsteinn Gíslason sem hlaut þau verðlaun. Heilt yfir stóðu strákarinnir sig vel og eiga hrós skilið innan vallar sem utan.

Allir á æfingar

Áttundi flokkur er að æfa á þriðjudögum á milli kl. 17 og 18 og er öllum börnum sem eru fædd

árið 2000 og yngri boðið að koma á æfingar í fylgd með fullorðunum. Við hvetjum öll börn til að koma

og mæta á æfingar hjá okkur, upplýsingar eru að finna á Leiknir.com eða að hringja í síma 557 8050.

Tvö lið á Skagamóti

Leiknir átti tvö lið að þessu sinni í Skagamótinu hjá 7. flokki karla sem lauk helgina 23. til 25. júní. Fjórtnán drengir spiluðu alla leikina. Tveir drengir úr 8. flokki veittu hjálparhönd en það eru þeir síkátu Daniel og Sævar Atli sem einnig var markahæstur hjá C-liðum með

fimm mörk og skoraði þrennu í einum leik. A-liðið spilaði þrjá leiki á föstudeginum, fjóra á laugardeginum og einn á sunnudeginum. Úrslitin létu aðeins á sér standa.

Að sögn forsvarsmanna Leiknis var hegðunin hjá hverjum einasta manni eins og best

verður á kosið og fá allir drengirnir mikið hrós frá flestum foreldrum. Benni og Bryndís fararstjórar eiga líka hrós skilið fyrir frábær vinnubrögð og foreldrarnir sem horfðu á voru líka þrúðir og duglegir að hjálpa.

Leikisfólk og Gothia Cup

Þriðji og fjórði flokkur karla og fjórði flokkur kvenna Leiknis eru að fara á hið stórskemmtilega mót, Gothia Cup sem haldið eru í

Gautaborg í Svíþjóð nú í júlí.

Stór hópur fer heðan ásamt friðu föruneysi til að spila góða knattspyrnu og skemmta sér vel

og í u.þ.b. 11 daga og vonandi félaginu og öllum Breiðhyltingum til sóma.

Komu færandi hendi

Leikskólabörn af Arnardeild leikskólans Fálkaborgar færðu Þjónustumiðstöð Breiðholts listaverk á dögnum.

Börn og kennarar á Arnardeildinni fengu sér göngutúr og komu færandi hendi í Þjónustumiðstöðina þar sem þau afhentu tvö glæsileg verk sem þau höfðu unnið í vetur. Myndirnar eru unnar úr þæftri ull sem börnin höfðu málað með þekjulitum og ullin síðan límd á strigann. Á myndinni má sjá börnin ásamt kennurum þeirra við komuna í Þjónustumiðstöðina í Breiðholti.





„Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttufræðings.

Laxárstöðvar í Aðaldal



Orka í iðrum jarðar!

Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáðu myndir frá Kröflueldum.

Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.

Kröflustöð í Mývatnssveit



Ísland í augum innflytjenda

Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

Ljósafossstöð við Sog

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



List og saga

„Andlit Þjórsdæla – mannlíf fyrr og nú“. Málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar. Athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



Með krafta í kögglum!

Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu.

Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnaþingi

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is og í síma **515 9000**.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

Ungur á uppleið

Hafliði Örn Ólafsson lauk nú á dögunum grunnskólaprófi sínu úr Hólabrekkuskóla. Hann gerði það sem fáum tekst og kláraði grunnskólanum á níu árum í stað þeirra hefðbundnu tíu ára sem tekur að klára grunnskólann. Hann er mjög vel liðinn af kennurum og samnemendum sínum og hann hlaut einnig þann heiður að vera tilnefndur af kennurum Hólabrekkuskóla til hinna árlegu nemendaverðlauna Menntaráðs Reykjavíkur. Hann hefur tekið þátt í ýmsum skólakeppnum þar á meðal stærðfræðikeppnum og spurningakeppninni Nema hvað. Þegar Hafliði er ekki að læra er hann að keppa í keilu og hann hefur náð stórkostlegum árangri í keilu, varð Íslandsmeistari í opnum flokki með forgjöf og einnig með unglingsliðinu. Í sumar er Hafliði að vinna í bakarí og ætlar svo að hefja nám í hagfræði - og viðskiptafræðibraut í Verzlunarskóla Íslands. En nú í stutt spjall við Hafliða:

- Hvernig tókst þér að klára skólann á níu árum?

„Ég kláraði 10. bekk utan skóla. Ég fékk hugmyndina í 8. bekk þegar stærðfræðikennarinn minn spurði mig hvort ég vildi taka samræmt próf í stærðfræði í 9. bekk í stað 10. bekkjar. Ég féllst á það og byrjaði strax að vinna hraðar en hinir. Þegar ég byrjaði í 9. bekk spurði enskukennarinn minn, sem jafnframt var umsjónarkennarinn minn, hvort ég vildi bæta við ensku samræmdu prófi í



Hér er Hafliði við útskrift ásamt Hólmfríði G. Guðjónsdóttur, skólastóra Hólabrekkuskóla.

9. bekk. Þá fór ég að hugsa um hvort ég ætti ekki bara að taka öll prófin. Þessi ákvörðun var tekin í nóvember. Ég þurfti að fá leyfi frá fagstjórum í hverju fagi fyrir sig, umsjónarkennaranum, skólastjórnendum og menntamálaráðuneytinu. Þegar ég hafði fengið leyfi hjá öllum þessum aðilum þá gat ég byrjað. Ég fékk bækurnar sem ég þurfti að lesa frá kennurum og líka mikið af glósum úr tímum. Ég sat í 9. bekk og las námsefni 10. bekkjar heima við. Seinnihluta vetrar æfði ég mig á gömlum samræmdum prófum sem pabbi prentaði út fyrir mig af netinu en ég fékk mikinn stuðning frá foreldrum mínum. Svo tók ég

öll samræmdu prófin og vorprófin með 10. bekk. Þetta gekk allt mjög vel.“

- Varstu orðin langþreyttur á skólanum?

„Já, ég var orðin frekar þreyttur á skólanum eftir alla þessa vinnu, og aðalega þreyttur í huganum og andlega. Ég vann mikið bæði í skólanum og einnig heima við. Ég fékk samt smá tíma til að hvíla hugann þegar ég fór á keiluæfingar en það er mitt helsta áhugamál.“

- Hvað hélt þér gangandi?

„Hugsunin um það, þegar þetta væri yfirstaðið og að þurfa ekki

að vera í 10. bekk. Ég hlakkaði einnig mikið til að komast í sumarfrí. En samt reyndi ég oftast að hugsa jákvætt og reyna að hafa gaman af en það tókst ekki alltaf.“

- Fannstu fyrir einhverju mólæti eða öfundusýki frá samnemendum þínum?

„Nei, ég fann frekar fyrir stuðningi heldur en öfund. Sumir sögðu reyndar að ég væri algjört „nörd“ að nenna þessu og spurðu mig hvernig ég tímdi að sleppa 10. bekk. Fyrir tveimur vikum þá hitti ég einn af þeim sem spurði mig á sínum tíma hvort ég héldi ekki að ég væri að missa af miklu við að sleppa 10. bekk. Núna sagði hann að ég væri heppinn að þurfa ekki að fara í 10. bekk.“

- Etlarðu beint í nám eftir sumarfríið, ef já, hvert og hvað stefnirðu á að læra?

„Já, ég er búinn að fá aðgang að hagræði- viðskiptabraut í Verslunarskóla Íslands. Ég sótti um hann sem aðalskóla og komst inn þar. Yfir 700 nemendur sóttu um og aðeins 360 komust inn. Ég sótti um Menntaskólann Hraðbraut, Menntaskóla Reykjavíkur og Menntaskólann við Sund til vara. Ég stefni að því að læra lögfræði við Háskólann í Reykjavík þegar að námi mínu í Verzlunarskólanum líkur.“

- Etlarðu einnig að reyna að ljúka Menntaskólanum á styttri tíma?

„Ég sótti um þriggja ára nám en sú braut var felld niður vegna lítillar þátttöku. Ég mun þessvegna klára menntaskólann á fjórum árum eins og venjan er. Það er líka allt í lagi að taka því rólega og vera á sama hraða og hinir.“

- Áttirðu þér eitthvað uppáhalds fag í grunnskóla?

„Já, mér hefur alltaf fundist langskemmtilegast í raunvísindagreinum, stærðfræði og ensku. Mér hefur ávallt gengið vel í þessum fögum og voru þetta mín bestu fög á samræmdu prófunum. Ég hef einnig mikinn áhuga á stórnufræði og fylgist með stjörnunum þegar heiðskýrt er, í stjörnuvíkingi sem ég fékk í jólagjöf.“

- Hvað ertu búinn að gera í sumarfríinu?

„Ég er búinn að vera að vinna í Breiðholtsbakarí síðan skólinn kláraðist og líður mér mjög vel þar. Ég hef líka ferðast um Ísland með fjölskyldunni um helgar. Ég hef einnig verið mikið að æfa með afrekshópi ÍR í keilu og er að fara til Hollands 26. júlí að keppa. Ég er búinn að æfa keilu í fjögur ár og í vetur varð ég Íslandsmeistari í keilu bæði í opnum flokki einstaklinga með forgjöf og í unglingsliði með ÍR.“

- Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

„Ég sé mig sem 25 ára nýútskrifaðan lögfræðing að velja úr atvinnutilboðum.“

Hafliði Örn er ungur drengur á hraðri uppleið í lífinu. Það er ekki hægt að segja um alla unga drengi, á þessum aldri veit maður oft ekki hvað maður vill verða á fullorðinsárunum, en lífsgangan verður auðveld fyrir þennan unga dreng af því að hann er með allt á hreinu.

Það er aðeins ein setning sem mér fannst ég geta notað til að ljúka þessari grein: Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi!

Erna Ýr.

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á
35x12,5 tommu
dekkjum

Gældu við bíllinn með léttum
og mjúkum svampburstum
aaaahhhhhh!

LÖÐUR

miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Völsungur rúllaði yfir ÍR

Karlalið meistaraflokks Völsungs lagði ÍR að velli með fjórum mörkum gegn einu í Breiðholtinu fyrir skömmu. Frábær leikur Sigþórs Júlíussonar lagði grunninn að sigrinum, en hann lagði upp öll fjögur mörk Völsungs í leiknum.

ÍR hóf leikinn af nokkrum krafti en Völsungar stóðu pressuna af sér og tókst að ná undirtökum í leiknum með skynsömum leik. Fyrsta mark leiksins kom eftir góðan sprett frá Sigþóri Júl. Hann fékk boltann hægra megin á vallarhelmingi ÍR og brunaði með hann framhjá varnarmanni, eins og að drekka vatn, komst upp að endamörkum og lagði boltann út í teiginn þar sem Andri Valur lagði boltann auðveldlega í markið. Vel gert hjá Sigþóri og Andra.

Eftir markið höfðu Völsungar tögl og hagldir á vellinum, enda reyndu ÍR-ingar nánast undan-tekningalaust langar sendingar fram völlum sem Björn Hákon átti ekki í erfiðleikum með að stöðva. Danni fór meiddur af leikvelli eftir harða tæklingu, og virtist sárþjáður. Jóí kom inn í

hans stað og við það voru gerðar skipulagsbreytingar á liðinu sem skiludu sér í traustari tókum á leiknum. Guðmundur Óli var færður inn á miðjuna úr hægri bakvarðarstöðunni, sem Böbbi fór í, en Jóí fór í vinstribakvarðarstöðuna. Sigþór hélt áfram að stríða ÍR-ingum með klókindum og góðum sendingum.

Annað markið kom eftir fasta fyrirgjöf/skot Sigþórs inn í víta-teig þar sem Guðmund Óli kom hlaupandi og stýrði boltanum auðveldlega í netið. Staðan 2-0 og Völsungur með tögl og hagldir. ÍR-ingar komu grimmir til leiks í síðari hálfleik og tókst að minnka muninn með marki úr vítaspyrnu, sem enginn áhorfanda gerði sér grein fyrir hvers vegna var dæmd, strax í upphafi. En Völsungar svörðuð fljótt með fallettu marki. Sigþór Júl fékk boltann inn á miðju vallarins og rak hann fram á við til vinstri. Halldór Fannar kom hlaupandi upp vinstri kantinn og það sá Sigþór fyrstur manna og sendi frábæra stungusendingu inn fyrir vörnina. Halldór Fannar kláraði færið, klobbaði markmanninn,

og staðan orðin 1-3. ÍR-ingar héldu svo áfram að negla boltanum inn í teig, án þess að það vottaði fyrir skynsömum leik, og það skapaði litla sem enga hættu.

Fjórða markið kom svo eftir sendingu frá Sigþóri yfir vörnina. Andri var þar aleinn á móti markmanninum og nýtti sér færið vel með því að leika á markmanninn, sem er fyrrverandi leikmaður KA (algjörlega nauðsynlegt að hafa þennan fróðleiksmola með), og renna boltanum í netið. Skömmu áður hafði Andri sloppið í gegn en skaut þá í varnarmann sem stóð á marklínunni.

Getumunurinn á liðunum fólst að mestu leyti í Sigþóri Júl, sem lék afar vel sem fremsti miðjumaður. Hann reyndi alltaf að taka boltann niður og spila af skynsemi. Þetta færdi liðinu mikilvægt jafnvægi, sem skipti sköpum eftir því sem liða tók á leikinn. Með Sigþór í liðinu er Völsungslíðið til alls líklegt, og ætti að geta komist upp um deild ef liðið heldur áfram að leika eins og það gerði í dag.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Sumarnámskeiðin ganga vel

Sumarnámskeið ÍR hafa gengið mjög vel og aðsóknin verið framur vonum. Skráningar eru orðnar 340. Mörgum hefur þurft að vísa frá í júní en í júlí eru enn laus pláss. Þetta á bæði við „Íþrótt- og leikjanámskeiðið“ og „Fjörkálfa í frjálsum og fót-bolta“.

Námskeiðin eru mjög fjölbreytt og fara fram eins mikil og mögulegt er utan dyra. Veðrið hefur ekki verið alveg upp á sitt besta í sumar en krakkarnir eru harðir af sér og gera gott úr íslenski veðri.

Þegar streitulaus rigning hefur verið hafa börnin fengið not af tveimur íþróttasölum ÍR heimilisins. Í lok allra námskeiða er grillveisla í boði Sláturfélags Suðurlands og Brauðbergs en Nettó er annars sérstakur styrktaraðili Fjörkálfanámskeiðsins.

Við hvetjum fólk til að skrá börnin sín í júlí og fer skráningin fram, eins og vant er, í ÍR í síma 587-7080 (Elsa).

Hér fyrir neðan eru nokkrar skemmtilegar myndir frá námskeiðunum.

Einar Daði er einn þeirra efnilegustu

ÍR-ingar náði frábærum árangri á Gautaborgarleikunum í frjálsíþróttum en 36 unglingar 12 til 16 ára frá Frjálsíþróttadeild ÍR tóku nýlega þátt í þessu stærsta unglíngamóti í frjálsíþróttum sem fram fer á Norðurlöndum árlega.

Alls kepptu þrjú þúsund ungmenni frá 20 löndum á mótinu sem haldið var á hinum víðfræga leikvangi Ullevi en mótið nefnist Worlds Ungdomsspelen.

Þeir sem komust í úrslit og þar með meðal átta bestu í sinni grein voru eftirtaldir ÍR-ingar: Elín Áslaug Helgadóttir varð áttunda í 60m. grindahlaupi 13 ára telpna, hljóp á 10.28 sek. Valdís Anna Þrastardóttir varð áttunda

í spjótkaсти 15 ára meylla, kastaði 33.69m., Guðmundur Sværissón varð sjöundi í spjótkaсти drengja 16 til 17 ára, kastaði 51.57m., Hulda Þorsteinsdóttir varð sjötta í stangarstökki 15 ára meylla, stökk 2.98m., Hjalti Garðarsson komst í úrslit í þremur greinum og vann til verðlauna í tveimur þeirra. Hann varð sjöundi í kúluvarpi 13 ára pílta, kastaði 10.61m., hann varð einnig þriðji í hástökki, stökk 1.60m. og annar í spjótkaсти, kastaði 43.41m. Einar Daði Lárússon komst í úrslit í fimm greinum í drengjaflokki 16 til 17 ára og vann ein gullverðlaun, ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun og setti tvö Íslandsmet í flokki 16 ára. Einar

náði 8. sæti í 100m. hlaupi á tím- anum 11.50, varð sjöundi í 200m. hlaupi á 23.62sek, þriðji í 400m. hlaupi á 49.99 sek, annar í 110m. grindahlaupi á 14.57 sek og sigraði með glæsibrag í 300m. grindahlaupi á 38.84 sek. Árangur Einars í báðum grindahlaupunum eru Íslandsmet í flokki 16 ára. Árangur Einars Daða er enn athyglisverðari í ljósi þess að hann er á fyrra aldursári í flokki 16 til 17 ára en árangur hans sannar að hann er einn af allra efnilegustu unglíngum sem fram hafa komið í frjálsíþróttum á Íslandi.

ÍR-ingar í Evrópukeppni landsliða

Frjálsíþróttalandslið Íslands tók þátt í Evrópukeppni landsliða í Banská Bystrica í Slóvakíu helgina 17. til 18. júní.

Keppendur úr röðum ÍR voru þær Jóhanna Ingadóttir sem keppti í langstökki og þristökki, Fanney Björk Tryggvadóttir sem

keppti í stangarstökki og var í sinni fyrstu landsliðsferð og Friða Rún Þórðardóttir sem keppti í 3000m. og 5000m. hlaupum en þetta var hennar 17. ár með landsliðinu. Jóhanna varð í 8. sæti í langstökki með 5.42 m. og 8. sæti í þristökki með 11.50 m. Fanney

Björk stökk 3.50 m. og varð í 5. sæti með þá hæð. Friða Rún varð í 6. sæti í 3000 m. hlaupi með 10:03.13 mín sem er ársbest og besti árangur hennar utanhúss síðan 2004, hún varð síðan í 5. sæti í 5000 m. með 18:13.66 mín.

Frábær árangur Einars Daða

Einar Daði Lárússon keppti á Norðurlandamóti unglínga í fjölþrautum helgina 17. til 18. júní.

Hann var í 5. sæti eftir fyrri dag með 3.065 stig en endaði í 3. sæti með 6.576 stig en annar Íslendingur sigraði keppnina.

Einar Daði sigraði keppnauta sína í 110 m. grindahlaupi, langstökki, hástökki og 1000 m., varð í 2. sæti í 100 m. og 300 m. hlaupi, 9. stangarstökki, 10. sæti í kúluvarpi og kringlukasti og 11. spjótkaсти. Þetta er hreint frábær árangur hjá Einari Daða sem á eftir tvö ár í þessum flokki en hann er aðeins 16 ára gamall og hefur aðeins keppt í tugþraut einu sinni áður þegar hann náði lágmarki á mótið.

angur hjá Einari Daða sem á eftir tvö ár í þessum flokki en hann er aðeins 16 ára gamall og hefur aðeins keppt í tugþraut einu sinni áður þegar hann náði lágmarki á mótið.

Keppt í 19 greinum

Keppt var í 19 greinum á 64. vormóti ÍR. Þokkalegur árangur þrátt fyrir bleytu og mikinn mót-vind í spretthlaupum.

Mótið var síðasta mótið fyrir

val í landsliðið í frjálsíþróttum og var þátttaka því sérlega góð. Í Kaldalshlaupinu sem er minning- arhlaup um Jón Kaldal sigraði Kári Steinn Karlsson á 8:38,93 mín

og er þetta í fyrsta sinn sem hann vinnur Kaldalsbikarinn. Nánari úrslit má sjá á www.fri.is/ mótaforrit.

Greiðið æfingagjöldin

Foreldrar og forráðamenn barna sem iðka æfingar hjá ÍR eru vinsamlega beðin um að greiðið

æfingagjöldin sem fyrst.

Upplýsingar um bankareikninga eða ósk um að skuldfæra á kredit-

kort er hægt að fá í síma 587-7080 (Elsa) frá kl. 10-16 alla virka daga, póstfang: irafgr@simnet.is



120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Banki allra
landsmanna
í 120 ár!



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár